

Þriðjudagur 23. mars 1982.

Nr. 173/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Péttri Blöndal Gíslasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 9. apríl 1981, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 17. febrúar 1982.

Af hendi ákærvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæruskjali og refsing hans þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds í málinu og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda. Til vara er þess krafist, að ákærða verði eigi dæmd sérstök refsing í málinu, en til þrautavara, að ákærða verði dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigi er hald í þeirri sakarvörn, að sök sé fyrnd, og vísast um það til röksemdafærslu héraðsdóms.

Héraðsdómari hefur réttilega sakfelld ákærða fyrir það atferli, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, enda er hann sannur að því að hafa tekið þátt í undirbúningi að sendingu u. þ. b. 1.4 kg af hassi frá Danmörku til Íslands með þeim hætti, að til refsíabyrgðar leiði varðandi innflutning efnisins. Hefur héraðsdómari fært háttsemi ákærða til réttra refsíákvæða. Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga á við um meðferð hassefna, sem eigi voru send hingað til lands, en það ákvæði veitir heimild til þess að saksækja og refsa fyrir atferlið hér á landi að aðgættri 8. gr., 2. málgr., laganna.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 22. mars 1982, hefur hann sætt 60 daga varðhaldi í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. nóvember 1978 fyrir atferli, sem framið var, eftir að ákærði gerðist sekur um hátterni það, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli og áður en hinn áfrýjaði dómur gekk. Þá gekkst hann undir dómssátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 19. júlí 1979 fyrir atferli, sem framið var á fyrrgreindu tímabili, svo sem getur í héraðsdómi. Ber því nú að refsfa ákærða samkvæmt ákvæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga svo og með vísan til 2. málsg. 49. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. gr. Við refsíákvörðun ber og að líta til ákvæða 5. tl. 1. málsg. og til 2. málsg. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, og komi gæsluvarðhaldsvist hans í 39 daga refsingu hans til frádráttar, svo sem dæmt er í héraðsdómi. Að auki sæti hann 4.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 30 daga fangelsi, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, sæti 5 mánaða fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist hans í 39 daga komi refsivist til frádráttar. Auk þess sæti hann 4.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingi-mundarsonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 4. febrúar 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 4. febrúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 808/1981: Ákærvaldið gegn Pétri Blöndal Gíslasyni.

Mál þetta, sem munnlega var flutt og dómtekið í dag, er af ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 20. janúar 1981, gegn Pétri Blöndal Gíslasyni, Dreka­vogi 10, Reykjavík, fæddum 23. september 1958 í Hafnarfirði, fyrir „að hafa um miðjan september 1978 í félagi við Kristján Aðalsteinsson og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af hassefninu hingað til lands 21. s. m., en lögreglan lagði hald á meginhluta þess í Reykjavík nokkru síðar.“

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er varðar meðferð ákærða á því ofangreinda hassi, sem eigi barst hingað til lands. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði.

Hann hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1974 6/5 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.

1975 4/7 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr., sbr. 20. gr., og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 25. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 2 ár frá 11/7 1975.

1976 8/11 í Reykjavík: Dómur: 9 mán. fangelsi fyrir brot gegn

259. gr. hegningarlaga, 25., 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 2 ár frá 8/11 1976. Dómur 4/7 1975 dæmdur með.
- 1978 25/5 á Akureyri: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr., 1. mgr. 259., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 244. gr. hegningarlaga, 21. gr. áfengislaga, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/5 1978.
- 1978 16/11 í Reykjavík: Dómur: 60 daga varðhald (hegnauki) fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár frá 25/5 1979.
- 1979 19/7 í Reykjavík: Sátt, 640.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10 gr. reglugerðar 390/1974, sbr. 77. gr. og 5. gr. hegningarlaga að hluta.

Málsatvik.

Haustið 1978 hófst hér í dómi og samhliða hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík rannsókn á umsvifamiklu fíkniefnamisferli margra íslenskra aðilja, bæði hérlandis og á Norðurlöndum. Vegna ofangreindrar rannsóknar var ákærði handtekinn við komu flugleiðis hingað til lands frá Kaupmannahöfn þann 28. september sama ár og úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum hér í dómi daginn eftir, en gæsluvarðhaldið var framlengt um allt að 10 dögum 29. okt. sama ár, en ákærði gekk laus 7. nóvember.

Ákærði viðurkenndi ýmsar sakir, og var hluta þeirra lokið með dómssátt hér í dómi 19. júlí 1979, er hann féllst á greiðslu fésektar að upphæð gkr. 640.000 fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Ákærði lýsti ítarlega atvikum varðandi sakarefni í ákæru hér í dómi 28. október 1978 og lýsti þá för sinni til Amsterdam ásamt Árna Hrafnssyni og Kristjáni Aðalsteinssyni þann 16. september það ár með um 25.000 danskar krónur frá Halldóri Lárusi Pétursyni, er alfarið hefði kostað för þeirra. Hafi ferðin verið farin á bílaleigubifreið frá Kaupmannahöfn og tilgangur verið hasskaup í Amsterdam. Er til Amsterdam kom, kvaðst ákærði hafa keypt 2.8 kg af Líbanonhassi af sér ókunnugum aðilja fyrir liðlega 8.000 hollensk gyllini, er hann áður hafi fengið í skiptum fyrir dönsku krónurnar.

Ákærði kvað þá félaga síðar hafa flutt hassið með sér til Kaup-

mannahafnar á fund nefnds Halldórs, er tekið hafi við efninu óskiptu. Ákærði kvað þá ekki hafa fengið neina sérstaka þóknun fyrir ofangreind kaup, utan hvað þeir hafi mátt taka af efni Halldórs til eigin nota og ákærði m. a. af því selt 50 gr. í Kaupmannahöfn. Eftir komu þeirra til Kaupmannahafnar kvað ákærði nefndan Halldór hafa tekið á leigu tvö hótélherbergi og þeir þremmingar þar dvalið á kostnað Halldórs í nokkra daga.

Er ákærði var yfirheyrður hér í dómi 7. nóvember sama ár, kvaðst hann aðspurður hafa vitað, að Margrét María, eiginkona Halldórs, hefði flutt ofangreint hassefni hingað til lands þá um haustið, en sjálfur engan þátt átt í flutningi þess hingað til lands.

Ákærði var enn yfirheyrður um ofangreint hér í dómi 19. júlí 1979 og þá inntur nánar eftir endurgjaldi fyrir ofangreinda hasskaupaferð. Ákærði bar á sama veg og áður, kvað ekki hafa verið endanlega afráðið um endurgjöld, er Halldór var handtekinn og fluttur til Íslands. Þá kvaðst ákærði hafa neitað boði Halldórs um greiðslu fyrir ferðina í hassefni hér á landi.

Er ákærða var birt ákæra í máli þessu þann 26. janúar sl., þá í gæsluvarðhaldi vegna ætlaðra nýrra fíkniefnabrota, taldi hann háttsemi sinni rétt lýst í ákæruskjali, utan hvað hann hefði ekki tekið þátt í ráðagerðum um flutning ofangreindra hassefna hingað til lands.

Ofangreindur Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, afhenti 24. okt. 1978 lögreglu í Reykjavík 1216.5 gr af ofangreindu hassefni, en hann kvaðst hafa mótttekið alls 1400 gr af nefndu efni frá Margréti Maríu Einarsdóttur, er flutt hefði efnið hingað til lands frá Kaupmannahöfn.

Nefndur Kristján bar á sama veg og ákærði um för til Amsterdam og kaup þar á hassi fyrir Halldór Lárus Pétursson, en kvað keypt magn 3 kg, er þeir hafi flutt til Kaupmannahafnar og afhent nefndum Halldóri óskipt.

Ekki verður beinlínis talið koma fram í framburði Kristjáns, að ákærði hafi tekið þátt í ráðagerðum um flutning efnisins hingað til lands, en fram kemur, að ákærði vissi, hvað til stóð.

Ofangreindur Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958, lýsti hér í dómi þann 29. október 1978 atvikum varðandi ofangreinda hasskaupaferð til Amsterdam á sama veg og ákærði og Kristján Aðalsteinsson, en kvað keypt efnismagn 3.1—3.2 kg. Hann kvað hins vegar umtalað, að ákærði fengi 100 gr af ofangreindu efni eftir flutning þess hingað til lands.

Nefndur Árni var enn yfirheyrður hér í dómi 16. maí 1979 og bar þá á sama veg.

Ofangreind Margrét María Einarsdóttir, fædd 15. nóvember 1957, var yfirheyrð hér í dómi 26. október 1978. Bar hún að hafa flutt hingað til lands 21. september 1978 alls 1600 gr af hassi, er hún taldi í eigu Halldórs Lárusar Péturssonar, ákærða og Kristján's Aðalsteinssonar, og samkvæmt beiðni þeirra, er lofað hefðu sér kr. 300.000 sem greiðslu fyrir flutning.

Ofangreindur Halldór Lárus Pétursson, fæddur 6. mars 1958, var ítrekað yfirheyrður um ofangreint bæði hjá lögreglu í Reykjavík og hér í dómi. Í endanlegum framburði hér í dómi 23. maí 1979 lýsti hann á sama veg og þeir ákærði, Kristján og Árni aðdraganda hasskaupaferðar til Amsterdam og móttöku á 3 kg af hassi frá þeim við komu til Kaupmannahafnar. Hann kvaðst ekkert hafa afhent ákærða og Kristjáni fyrir hlutdeild í ofangreindri ferð, en þeir átt að fá 100 gr hvor af hassinu eftir flutning þess hingað til lands.

Niðurstöður.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt að hafa haft í frammi þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, utan hvað hann kvaðst ekki hafa átt þátt í ráðagerðum um flutning efnis hingað til lands. Af framburðum Halldórs Lárusar Péturssonar, Árna Hrafnssonar og Margrétar Maríu Einarsdóttur þykir hins vegar koma fram ótvírætt, að ákærði hafi átt þátt í slíkum ráðagerðum. Að öðru leyti eru framburðir aðilja samhjórða í meginatriðum.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir sannað, að ákærði hafi viðhaft alla þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, nánar um miðjan september 1978 í félagi við Kristján Aðalsteinsson og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans flutti Margrét María Einarsdóttir um 1.6 kg af hassefninu hingað til lands 21. s. m., en lögreglan lagði hald á meginhluta þess í Reykjavík nokkru síðar.

Verjandi heldur því fram, að 2. tl. 1. mgr. 5. gr. alm. hegningarlaga eigi ekki við um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þar sem í nefndum lögum sé tekið fram, að brot verði að vera framin á íslensku forráðasvæði,

til þess að nefnd lög eigi við, og krefst sýknu á nefndum forsendum.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 19/1940 segir um I. kafla nefndra laga, en tilnefnd 5. gr. er í þeim kafla, að ákvæði I. kafla nái til allra refsiverðra brota samkvæmt íslenskri löggjöf, hvort heldur eftir alm. hegningarlögum eða öðrum. Þykir því verða að skilgreina íslenskt forráðasvæði í þessum skilningi með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. alm. hegningarlaga.

Verjandi krefst sýknu vegna fyrningar. Ákærði var síðast yfirheyrður við lok rannsóknar á ætluðu fíkniefnamisferli hans 19. júlí 1979, en mál þetta var þingfest 24. janúar sl. Kemur því fyrning ekki til álita í máli þessu.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákærða á því ofangreinda hassi, sem eigi barst hingað til lands.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ákærði hefur áður hlotið refsingu fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf, en hann féllst 19. júlí 1979 og hér í dómi á greiðslu físektar að upphæð kr. 640.000 fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974. Ber því samkvæmt ofansögðu að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 78. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í 5 mánuði.

Með vísan til 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir rétt, að til frádráttar komi refsivist með fullri dagatölu sá tími, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, eða 39 dagar.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958 í Hafnarfirði, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Refsivist til frádráttar komi 39 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.